



30. maí 2024  
Tilv.: 2312070

Dreifibréf nr: 17/2024  
Til: Rekstrarfélaga verðbréfasjóða  
Rekstraraðila sérhæfðra sjóða  
Samtaka fjármálafyrirtækja

**Efni:** Viðmiðunarreglur um miðlun markaðsefnis í samræmi við CBDF reglugerðina.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefur gefið út viðmiðunarreglur um miðlun markaðsefnis í samræmi við CBDF reglugerðina<sup>1</sup> ([ESMA34-45-1272](#); Guidelines on marketing communications under the Regulation on cross-border distribution of funds; hér eftir *viðmiðunarreglurnar*). Viðmiðunarreglurnar eru gefnar út skv. 6. mgr. 4. gr. CBDF reglugerðarinnar, en tilgangur þeirra er útfæra nánar skyldur vegna markaðssetningar sem fram koma í 1. mgr. 4. gr. fyrrgreindrar reglugerðar. Viðmiðunarreglurnar öðluðust gildi innan ESB hinn 2. febrúar 2022.

Viðmiðunarreglunum er beint að rekstrarfélögum verðbréfasjóða, þ.m.t. verðbréfasjóðum sem ekki hafa tilnefnt rekstrarfélag, rekstraraðilum sérhæfðra sjóða með starfsleyfi<sup>2</sup>, rekstraraðilum evrópskra áhættufjármagnssjóða og rekstraraðilum evrópskra félagslegra framtakssjóða sem hafa staðfestu hér á landi samkvæmt lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði, lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða eða lögum nr. 31/2022 um evrópska áhættufjármagnssjóði og evrópska félagslega framtakssjóði (hér eftir *félög* eða *félögin*).

Viðmiðunarreglurnar varða alla markaðssetningu sem beint er að fjárfestum eða mögulegum fjárfestum verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða, þ.á m. þegar þeir eru reknir sem evrópskir áhættufjármagnssjóðir, evrópskir félagslegir framtakssjóðir, evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir eða peningamarkaðssjóðir.

Tilgangur viðmiðunarreglnanna, eins og að ofan greinir, er að útfæra nánar skyldur vegna markaðssetningar sem fram koma í 1. mgr. 4. gr. CBDF reglugerðarinnar. Nánar tiltekið er ætlunin að setja fram samræmdar viðmiðunarreglur um hvað sé markaðsefni, hvernig eigi að lýsa áhættu og ávinningi af því að kaupa hlutdeildarskírteini eða hlutabréf í sérhæfðum sjóði eða hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði og hvernig markaðsefni sé sett fram með sanngjörnum, skýrum og ekki villandi hætti, þ.m.t. markaðsefni á netinu.

<sup>1</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1156 frá 20. júní 2019 um að auðvelda dreifingu sjóða um sameiginlega fjárfestingu yfir landamæri. Reglugerðin var leidd í íslensk lög með lögum nr. 64/2023 um breytingu á lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, lögum um verðbréfasjóði og fleiri lögum (sala sjóða yfir landamæri, höfuðsjóðir og fylgisjóðir o.fl.), sem tóku gildi 1. september 2023.

<sup>2</sup> Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða skulu annaðhvort hafa starfsleyfi eða vera skráðir hjá fjármálaeftirlitinu. Skilgreining í CBDF reglugerðinni gerir ráð fyrir að rekstraraðili sérhæfðs sjóðs, sem reglugerðin gildir um, sé með starfsleyfi, sbr. b-lið 3. gr. reglugerðarinnar: „rekstraraðilar sérhæfðra sjóða“ (AIFM): rekstraraðilar sérhæfðra sjóða eins og þeir eru skilgreindir í b-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/61/ESB og sem eru með starfsleyfi í samræmi við 6. gr. þeirrar tilskipunar“.

Viðmiðunarreglurnar sjálfar eru settar fram í 4., 5. og 6. kafla. Í 4. kafla viðmiðunarreglnanna er m.a. kveðið á um að markaðsefni skuli sem slíkt vera auðgreinanlegt. Þar er kveðið á um að í þeim tilvikum þar sem samþykki er skilyrði fyrir markaðssetningu, skuli félög ekki birta markaðsefni sem tilgreinir sjóð fyrir en lögbært yfirvald heimaríkis sjóðsins hefur veitt til þess heimild, og ef við á, að rekstrarfélagi/aðila sjóðsins hafi borist tilkynning um samþykki lögbærs yfirvalds heimaríkis rekstrarfélagsins/sjóðsins fyrir fyrirhugaðri markaðssetningu í gistiríki sjóðsins. 5. kafli viðmiðunarreglnanna inniheldur leiðbeiningar um að áhættu og ávinningi skuli lýst með jafn áberandi hætti. Upplýsingarnar skulu vera nákvæmar og gefa sanngjarna og greinilega vísbendingu um áhættu og ávinning, auk þess sem fjallað er um framsetningu þeirra. Í 6. kafla er m.a. kveðið á um að allar upplýsingar í markaðsefni skuli settar fram með sanngjörnum og skýrum hætti og ekki vera villandi. Í kaflanum er leiðsögn um framsetningu upplýsinga í markaðsefni og settar fram almennar viðmiðunarreglur; Liður 6.2. kveður á um hvernig lýsa skuli áhættu og ávinningi af fjárfestingu í sjóði, liður 6.3. um hvernig skuli greina frá kostnaði við fjárfestingu í sjóði, liður 6.4. um hvernig skuli fjalla um upplýsingar um fyrri og væntan árangur sjóðs og liður 6.5. um hvaða kröfur séu gerðar til birtingar á upplýsingum um sjálfbærniþætti sjóðs, þegar slíkar upplýsingar eru á annað borð birtar í markaðsefni sjóðs.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnanna og almennum tilmælum.

Dreifibréf þetta verður birt á heimasíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands mun jafnframt styðjast við viðmiðunarreglurnar við eftirlitsframkvæmd.

Fjármálaeftirlitið beinir því til rekstrarfélaga verðbréfasjóða, starfsleyfisskyldra rekstraraðila sérhæfðra sjóða, rekstraraðila evrópskra áhættufjármagnssjóða og rekstraraðila evrópskra félagslegra framtakssjóða sem hafa staðfestu hér á landi að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur ESMA og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á.

Virðingarfyllt,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Inga Dröfn Benediktsdóttir  
forstöðumaður  
háttsemiseftirlit

Erna Ágústsdóttir  
lögfræðingur  
háttsemiseftirlit

Fullgild rafræn undirskrift

Erna Ágústsdóttir

30.05.2024 13:38

Fullgild rafræn undirskrift

Inga Dröfn Benediktsdóttir

30.05.2024 13:56